

**Nd.**

## **232. Breytingartillögur**

við frumv. til l. um loðdýrarækt og loðdýralánadeild.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 8. gr. Fyrsta málsgr. orðist svo: Bannað er að gera loðdýrum í aðhaldi eða loðdýragörðum nokkurt það ónæði, er eigendum verður tjón að, enda séu dýrin geymd svo fjarri alfaraleiðum, að ekki hljóttist ónæði af umferðinni.
2. Við 10. gr. Greinin orðist þannig:  
Sleppi loðdýr úr vörzlu og náist ekki, skal eigandi eða umráðamaður sæta sektum frá 2—200 kr. fyrir hvert dýr, og greiða skaðabætur, ef sannanlegt tjón hlýzt af. Auk þess má svipta hlutaðeiganda leyfi, ef miklar sakir eru. Þessi ákvæði taka þó ekki til þess, ef sannað er, að dýr hafi sloppið af óviðráðanlegum orsökum, svo sem vegna skemmda af óveðrum o. s. frv. Sektir samkvæmt þessari grein renna í hlutaðeigandi hrepps- eða bæjarsjóð.
3. Við 13. gr. Greinin orðist svo:  
Loðdýraræktarfélag Íslands ákveður í samráði við loðdýraræktarráðunaut, hverjar tegundir loðdýra skuli merktar og ættbókfærðar.  
Rétt til að fá loðdýr sín merkt löggiltu merki og ættbókfærð hafa þeir einir, sem eru meðlimir Loðdýraræktarfélags Íslands.
4. Við 18. gr. Annar málsliður orðist þannig: Lán má þó nema allt að 60% af stofn-  
kostnaði og allt að 500 kr. á félagsmann, ef búið er félagseign minnst 5 manna, enda standi þeir allir í sameiginlegri ábyrgð fyrir láninu.